



Borgarráð

Reykjavík, 13. janúar 2026

MSS26010059

Erindisbréf - Starfshópur um leiksvæðastefnu fyrir alla aldurshópa

Lagt er fram til kynningar erindisbréf starfshóps um leiksvæðastefnu fyrir alla aldurshópa.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um leiksvæðastefnu fyrir alla aldurshópa.



Reykjavík



ERINDISBRÉF

Starfshópur um gerð leiksvæðastefnu fyrir alla aldurshópa

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Reykjavíkurborg samþykkti leiksvæðastefnu árið 2012 fyrir alla aldurshópa og var unnið samkvæmt henni í kjölfarið. Markmiðið var að tryggja fjölbreytileika í hverfunum, auka samráð við notendur, móta heildarsýn við þróun og útfærslu leikumhverfis barna á öllum aldri. Nú er kominn tími til að gera nýja stefnu frá grunni fyrir alla aldurshópa sem samræmist Græna planinu, Lýðheilsustefnu borgarinnar, borgarhönnunarstefnu, menntastefnu, velferðarstefnu sem og öðrum lykilstefnum borgarinnar.

Hlutverk:

Að leiða vinnu við gerð nýrrar leiksvæðastefnu fyrir Reykjavíkurborg þar sem verði hugað að öllum aldurshópum í samræmi við breyttar þarfir og leitast við að tryggja fjölbreytileika og fjölbreytt framboð í hverjum borgarhluta fyrir sig.

Helstu verkefni:

- Að móta nýja leiksvæðastefnu fyrir alla aldurshópa ásamt kostnaðarmetinni aðgerðaáætlun og forgangsörðun.
- Yfirfara núverandi [gagnahlaðborð](#) (yfirlitskort) fyrir opin leiksvæði, leikskólalóðir og grunnskólalóðir og kortleggja til viðbótar græn svæði í borginni og önnur leiksvæði fyrir fólk á öllum aldri sem nýtist við gerð stefnumótunarinnar.
- Gera áætlun um hvernig hægt er að tryggja aðkomu íbúa á öllum aldri að næsta græna svæði og/eða leiksvæði og hvar er þörf á frekari uppbyggingu.
- Í forgrunni verði öryggismál, aðgengi fyrir öll og trygg aðkoma.

Starfshópin skipa:

Rebekka Guðmundsdóttir (formaður), umhverfis- og skipulagssvið.

Atli Steinn Árnason, menningar- og íþróttasvið.

Daníel Benediktsson, skóla- og frístundasvið.

Harpa Þorsteinsdóttir, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Starfsmaður starfshópsins:

Guðrún Birna Sigmarsdóttir, umhverfis- og skipulagssvið.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu þ.m.t. aðgengisfulltrúa.





Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skal hafa lokið störfum fyrir 30. apríl 2026.

Reykjavík, 13. janúar 2026

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Reykjavík